

fundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu, nr. 118 21. maí 1953, ásamt síðari breytingu.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Mýrasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Hvítársíðuhreppur:

1. Síðumúlaveggjavegur, af Borgarfjarðarbraut að Síðumúlaveggjum.
2. Hallkelsstaðavegur, af Hvítársíðuvegi að Hallkelsstöðum.
3. Þorvaldsstaðavegur, af Hvítársíðuvegi að Þorvaldsstöðum.
4. Fljótstunguvegur, af Hvítársíðuvegi að Fljótstungu.

Þverárhliðarhreppur:

5. Hallavegur, af Þverárhliðarvegi um Lindarhvol og Höll á Norðurárdalsveg.
6. Hlíðarvegur, af Þverárhliðarvegi hjá brú á Litlu-Þverá að Sigmundarstöðum.
7. Lundarvegur, af Grjóthálsvegi að Lundi.
8. Örnólfsdalsvegur, af Grjóthálsvegi að Örnólfsdal.
9. Hamravegur, af Örnólfsdalsvegi um Helgavatn að Hömrum.

Norðurárdalshreppur:

10. Sanddalstunguvegur, af Norðurlandsvegi að Sanddalstungu.
11. Dýrastaðavegur, af Norðurlandsvegi að Dýrastöðum.
12. Klettstíuvegur, af Norðurlandsvegi að Klettstíu.
13. Hvassafellsvegur, af Vesturlandsvegi að Hvassafelli.
14. Jafnaskarðsvegur, af Vesturlandsvegi um Hreðavatn að Jafnaskarði.

Stafholtstungnahreppur:

15. Litlaskarðsvegur, af Vesturlandsvegi að Litlaskarði.
16. Stóru-Skógavegur, af Vesturlandsvegi að Stóru-Skógum.
17. Munaðarnesvegur, af Vesturlandsvegi að Munaðarnesi.
18. Sólheimatunguvegur, af Vesturlandsvegi að Sólheimatungu.
19. Hlöðutúnsvegur, af Borgarfjarðarbraut að Hlöðutúni.
20. Hofsstaðavegur, af Stafholtsvegi að Hofsstöðum.
21. Hamraendavegur, af Borgarfjarðarbraut að Hamraendum.
22. Stafholtsveggjavegur, af Borgarfjarðarbraut að Stafholtsveggjum.
23. Bakkakotsvegur, af Borgarfjarðarbraut að Bakkakoti.
24. Neðra-Nesvegur, af Borgarfjarðarbraut, um Kaðalstaði og Efra-Nes að Neðra-nesi.
25. Steinavegur, af Borgarfjarðarbraut um Ása að Steinum.
26. Miðgarðsvegur, af Borgarfjarðarbraut að Miðgarði.
27. Brúarreykjavegur, af Borgarfjarðarbraut um Brúarreyki og Sólbakka að Lauf-skálum.
28. Ásbjarnarstaðavegur, af Þverárhliðarvegi um Sleggjulæk og Ásbjarnarstaði að Selhaga.
29. Gunnlaugsstaðavegur, af Þverárhliðarvegi að Gunnlaugsstöðum með álmu að Guðnabakka.

Borgarhreppur:

30. Gljúfurárvegur, af Vesturlandsvegi að Gljúfurá.
31. Heyholtsvegur, af Vesturlandsvegi að Heyholti.
32. Birkibólsvvegur, af Valbjarnarvallavegi að Birkibóli.
33. Laxholtsvegur, af Vesturlandsvegi, um Galtarholt og Laxholt að Stað.
34. Gufuárvegur, af Borgarnesbraut að Gufuá.
35. Lækjarkotsvegur, af Borgarnesbraut að Lækjarkoti.
36. Bóndhólsvegur, af Borgarnesbraut um Holt að Bóndhól.
37. Einarsnesvegur, af Borgarnesbraut að Einarsnesi.
38. Rauðanesvegur, af Þursstaðavegi að Rauðanesi.
39. Þursstaðavegur, af Þjóðvegi heim að Þursstöðum.

40. Ánabrekkuvegur, af Stykkishólmsvegi um Litlu-Brekku að Ánabrekku.
 41. Stangarholtsvegur, af Stykkishólmsvegi um Jarðlangsstaði að Stangarholti.

Álftaneshreppur:

42. Smiðjuhólsvegur, af Álftaneshreppsvegi að Smiðjuhóli.
 43. Leirulækjarvegur, af Álftaneshreppsvegi að Leirulæk.
 44. Lambastaðavegur, af Álftaneshreppsvegi hjá Miðhúsum að Lambastöðum.
 45. Hvíslhöfðavegur, af Álftaneshreppsvegi að Kvíslhöfða.
 46. Straumfjarðarvegur, af Álftaneshreppsvegi að Straumfirði með álmu að Knarrarnessundi.
 47. Hraundalsvegur, af Grímsstaðavegi að Syðri-Hraundal.
 48. Grenjavegur, af Grímsstaðavegi að Grenjum.
 49. Urriðaarvegur, af Stykkishólmsvegi að Urriðaaá.

Hraunhreppur:

50. Seljavegur, af Hraunhreppsvegi um Selja að Hestkeldu gegn Hjörsey.
 51. Hólmakotsvegur, af Seljavegi að Hólmakoti.
 52. Hamraendavegur, ef Seljavegi að Hamraendum.
 53. Traðavegur, af Hraunhreppsvegi að Tröðum.
 54. Vogsvegur, af Hraunhreppsvegi að Vogu.
 55. Einholtsgvegur, af Hraunhreppsvegi að Einholtum.
 56. Fíflholtavegur, af Hraunhreppsvegi að Fíflholtum.
 57. Skíðsholtsgvegur, af Hraunhreppsvegi að Skíðsholtum.
 58. Hamravegur, af Hraunhreppsvegi að Hömrum.
 59. Álftárvegur, af Stykkishólmsvegi að Álftá.
 60. Svarfhólsvegur, af Staðarhraunsvegi að Svarfhóli með álmu að Ytri-Hraundal.
 61. Hítardalsvegur, af Staðarhraunsvegi að Hítardal.
 62. Helgastaðavegur, af Hítardalsvegi að Helgastöðum.
 63. Hítárvegur, af Stykkishólmsvegi um Brúarfoss að Skipphyl, með Hlíðarvegi, að Lækjarbug.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupþúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kaптúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- og gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu, nr. 119 21. maí 1953, ásamt síðari breytingu á henni.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt vegalögum nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.